

Samningur

um rekstur og umsjón íþróttasvæðis við Breiðumýri.

Garðabær, kt. 570169-6109, og Ungmennafélag Álftaness, kt. 630190-1939 (UMFÁ) gera með sér svohljóðandi samning um rekstur og umsjón íþróttasvæðisins við Breiðumýri í Garðabæ. Eftirlitsaðilar samningsins eru íþrótt- og tómstundaráð Garðabæjar ásamt íþróttafulltrúa Garðabæjar.

1. gr.

UMFÁ tekur, samkvæmt samningi þessum, að sér rekstur og umsjón íþróttasvæðis við Breiðumýri, norðvestan íþróttamiðstöðvar Álftaness. Um er að ræða grasvöll á vallarstæði, samtals 70 x 150 metrar að flatarmáli og gervigrasvöll 70 x 110m við hlið grasvallarins auk vallahúss þar sem í eru búningsklefar fyrir útivelli og geymsluaðstaða.

UMFÁ skal einnig hafa aðgang að búnings- og hreinlætisaðstöðu í íþróttamiðstöðinni á opnunartímum hennar ef með þarf. Gera þarf sérstakar ráðstafanir í samráði við forstöðumann íþróttamiðstöðvarinnar varðandi þá notkun.

UMFÁ skal hafa aðgang að geymslu á svæðinu til geymslu á vökvunartækjum, mörkum, merkingartækjum og öðrum tækjum tilheyrandi rekstri vallarins. UMFÁ ber ábyrgð á að geymslan sé ávallt vel skipulögð og læst fyrir utanaðkomandi aðilum.

Íþróttavellirnir og vallahúsið, sem samningur þessi nær til, svo og svæðið allt, er eign Garðabæjar. UMFÁ annast umhirðu svæðisins en eignasvið Garðabæjar sinnir öllu meiriháttar viðhaldi.

2. gr.

Íþróttafulltrúi Garðabæjar og framkvæmdastjóri UMFÁ, skulu gera sérstaka úttekt á ástandi svæðisins, völlum og vallahúsinu við upphaf og lok samningstíma. UMFÁ skuldbindur sig til að skila aftur eignum sveitafélagsins í sambærilegu ástandi og þær eru í við afhendingu, að teknu tilliti til eðlilegrar notkunar.

UMFÁ ber ábyrgð á spjöllum á mannvirkjunum, að svo miklu leyti sem slíkt telst ekki eðlileg afleiðing venjulegrar notkunar eða stafa af atvikum, sem félaginu eru óviðkomandi.

3. gr.

Garðabær skal í ár hvert greiða UMFÁ kr. **4.100.000,-** til reksturs og umsjónar svæðisins enda hafi þá félagið lagt fram ársreikning samþykktan á aðalfundi. Til viðhalds áhalda greiðir Garðabær kr. **340.000,-** UMFÁ skuldbindur sig til að ráða starfsmann í hlutastarf sem hefur umsjón og daglegt eftirlit með vallarsvæðinu.

UMFÁ skal hafa rétt á að leigja út völinn til þriðja aðila og innheimta leigutekjur enda ber félagið sömu ábyrgð á leigutökum sem eigin iðkendum. Uppgjör leigutekna skal sent íþróttafulltrúa eigi síðar en 15. febrúar fyrir næsta ár á undan. UMFÁ annast allar skuldbindingar sem félagið gerir vegna svæðisins.

Garðabæ er heimil notkun íþróttavallanna sem samningur þessi nær til, t.d. gervigras á skólatíma og við hátíðleg tækifæri, enda verði um það haft fullt samráð við UMFÁ. Önnur félög innan Garðabæjar hafa heimild til að nýta vellina að höfðu samráði við UMFÁ sem heldur skrá yfir notkun beggja vallanna.

Garðabær greiðir fasteignagjöld og eignatryggingar vegna mannvirkja sem undir samninginn falla, auk kostnaðar við innfylliefni (gúmmí), snjómokstur og orkukaup vegna flóðlýsingar og upphitunar vallarsvæðis og vallahússins.

4. gr.

UMFÁ er heimilt að reka veitingasölu á íþróttavöllum um að uppfylltum skilyrðum sem um slíka starfsemi gildir. UMFÁ er heimilt að setja auglýsingaskilti á hefðbundna staði á íþróttasvæðinu við Breiðumýri.

Óheimilt er að auglýsa vörumerki sem tengjast áfengi og tóbaki og skal UMFÁ virða þær reglur sem gilda um bann á slíkum auglýsingum.

5. gr.

UMFÁ skal annast daglega ræstingu, þrif og viðhald tækja, húseigna, íþróttavalla og umhverfis sem undir samning þennan heyra, með eftirfarandi hætti:

- a. Húseignum, sbr. 1. gr., skal vel við haldið. UMFÁ er skylt að annast á sinn kostnað allt minniháttar viðhald, svo sem lagfæringar á læsingum, vatnskrönum, raftenglum, rafmagnsinnstungum, hreinlætistækjum, þrifamálun og annað tilfallandi viðhald, þó ekki endurnýjun innréttinga, tækja eða búnaðar. Viðhald, sem UMFÁ telur að falli utan samnings þessa, skal óheimilt að framkvæma nema til hafi komið formlegt samþykki bæjarverkfræðings eða aðila, sem hann tilnefnir. Að öðrum kosti skulu þær framkvæmdir kostaðar af UMFÁ.
- b. UMFÁ skal stjórna notkun og umgengni um svæðið af fullri virðingu fyrir umhverfi sem og nábúum þess. Áhersla skal lögð á að svæðið sé ávallt snyrtilegt.
- c. UMFÁ skal annast daglegt viðhald grasvallarins eins vel og kostur er, annað en slátt, söndun og áburðargjöf en hefur þó eftirlit með þeim verkþáttum skv. áætlun þar um. Íþróttafulltrúi Garðabæjar mun hafa eftirlit með því að eðlilegu viðhaldi sé sinnt og skal með sannanlegum hætti gera UMFÁ viðvart ef viðhald vallarins er vanrækt. Vanræki UMFÁ að sinna viðhaldi, sem samningur þessi gerir ráð fyrir, er Garðabæ heimilt að framkvæma það, sem nauðsyn krefur, og draga kostnaðinn frá greiðslum samkvæmt 3. gr. Leiði óviðráðanlegar aðstæður til óvenju mikils viðhalds skal taka upp sérstakar viðræður aðila um lagfæringar á vallarsvæðinu.
- d. Burstun og snjóruðningur á gervigrasinu ásamt innfyllingarefnum er samkvæmt samningi þar um sem Garðabær greiðir við sérstakan aðila. UMFÁ skal hafa eftirlit með því að það sé framkvæmt og halda skrá yfir það. UMFÁ skal einnig hafa eftirlit með snjóbræðslukerfi gervigrasvallarins.
- e. UMFÁ skal gæta þess að umgengi og meðferð tækja og áhalda sé sem best og gæta þess að bjarga þeim undan veðri ef þurfa þykir.
- f. Á starfstíma vinnuskóla og unglingavinnu Garðabæjar að sumarlagi getur UMFÁ notið þjónustu sveitarfélagsins við vökvun, slátt og umhirðu grassvæða utan keppnisvallar, án gjalds.
- g. UMFÁ skal uppfylla þær öryggiskröfur sem gerðar eru til íþróttavalla.

6. gr.

Komi til þess á samningstímanum að UMFÁ standi ekki við samninginn eða sé á einhvern hátt óvirkt hvað varðar íþróttastarfsemi í sveitarfélaginu áskilur sveitarfélagið sér rétt til að taka samninginn til endurskoðunar.

7.gr.

UMFÁ hefur fullan umráðarétt að íþróttavallarsvæðinu og ber fulla ábyrgð á rekstri samkvæmt samningi þessum. Breytingar á svæðinu eru óheimilar nema með samþykki bæjarráðs.

8. gr.

Samningur þessi gildir frá 1. janúar 2019 til 31. desember 2022. Á samningstímanum geta aðilar óskað eftir endurskoðun samningsins.

Garðabæ, mars 2020

*Greiðslur vegna 2019 hafa farið fram.

F.h. Garðabæjar

F.h. UMFÁ

Gunnar Einarsson,
bæjarstjóri

Guðjón Þorsteinsson,
formaður